

Fundargerð 3. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 11. desember 2012

Árið 2012, þriðjudaginn 11. desember kl. 14:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík. .

Fundinn sátu: Svanfríður Inga Jónasdóttir og Elliði Vignisson.

Í síma voru: Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða mála varðandi samtökin

Páll Björgvin gerir grein fyrir því að skráningu félagsins er lokið. Kennitala og bankareikningur samtakanna er tilbúinn og Valur kominn með prókúru. Innheimt árgjalda er því að hefjast.

Ákveðið að innheimta 25% af árgjaldi fyrir árið 2012, fyrir október til áramóta. Á árinu 2013 verði innheimt full árgjöld.

Formaður kynnti hugmynd að gerð heimasíðu fyrir samtökin og vísaði til fordæma hjá Hafnasambandinu og Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum. Samþykkt samhljóða að vinna að einfaldri heimasíðu til að koma upplýsingum um starfsemi samtakanna á framfæri, svo sem ályktunum og skýrslum. Svanfríður og Valur setja upp tillögu að síðu og senda á stjórnarmenn.

2. Ný frv. til laga sem varða sjávarútveg

Stóra frumvarpið er ekki komið fram.

Umræða um hvort frumvarpið komi fram fyrir jól eða ekki.

Frumvarp um strandveiðar er komið fram, en ekki komið til umsagnar sveitarfélaga. Ákveðið að stjórn geri tilraun til að veita umsögn um frumvarpið. Þó mismunandi sjónarmið séu uppi meðal einstakra stjórnarmanna og sveitarfélaga um strandveiðar telur stjórn það vera hlutverk sitt að fjalla um þær breytingar sem lagðar eru til. Formaður gerir drög og sendir út á stjórnarmenn.

3. Bréf frá Djúpavogi, dags. 19. nóvember 2012 um byggðavóta.

Erindið er lagt fram. Rætt um byggðakvóta, reglur um úthlutun og fyrningu Einnig þær hugmyndir sem fram hafa komið um minnkun byggðakvóta og mögulegar breytingar á honum.

Guðný mun afla frekari upplýsinga fyrir næsta fund.

4. Vinna að upplýsingaöflun

Rætt um gerð gagnagrunns um stöðu og áhrif sjávarútvegs á sveitarfélög.

Skýrsla sem unnin var fyrir Vestmannaeyjabæ getur orðið grunnur að slíkri upplýsingaöflun. Elliði mun fá skýrsluhöfund til að teikna upp mólél þannig að hægt sé að kynna fyrir aðildarsveitarfélögum.

Beðið er viðbragða frá forstjóra Byggðastofnunar um samstarf. Fyrsta verkefni væri að uppfæra upplýsingar um störf í veiðum og vinnslu í sveitarfélögum svo hægt sé að fylgjast með áhrifum nýju veiðigjaldanna á þróun starfa.

5. Fundur stjórnar með fjármálaráðherra og atvinnu-og nýsköpunarráðherra. Framhald umræðu á frá síðasta fundi.

Umræða um eftirfylgni fundar með ráðherrum 7. nóvember 2012.

Ákveðið að senda bréf á forsætis og fjálmálaráðherra og óska eftir formlegum viðbrögðum við erindi samtakanna. Fara fram á sanngirni og skýr svör.
Róbert tekur að sér að gera drög að bréfi til ráðherra. Reiknað með að bréfinu verið fylgt eftir með samtölum við ráðherra.

Ákveðið að taka saman upplýsingar um hve mikið fyrirtæki innan aðildarsveitarfélaga samtakanna hafa verið krafín um greiðslur í sérstakt veiðigjald nú þegar. Elliði mun fá ráðgjafa sinn til þess að taka upplýsingarnar saman.

Auk þess ákveðið að koma málstað samtakanna á framfæri við frambjóðendur til alþingis í vor.

Fundi var slitið kl. 15:00.